

Nr. 100 / 16 Gullberg VE 292**Skipverji slasast á þilfari**

Skipaskr.nr. 2747
IMO nr. 9211810
Útgerð: Vinnslustöðin hf
Smíðaður: Noregi 2000, stál
Stærð: 337,8 brl. 599,6 bt.
Mesta lengd: 37 m Skráð lengd: 31,9 m
reidd: 10,4 m Dýpt: 6,53 m
Vél: Caterpillar 1056 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 12



Gullberg©Bergþór Gunnlaugsson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. apríl 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 23. ágúst 2016 var Gullberg VE 292 á togveiðum sunnan við Surtsey. Veður: NA 6 m/s. Ölduhæð: 1 m.

Skipverjar voru að hífa bakborðstrollið aftur eftir þilfarinu þegar pokagils losnaði og sveiflaðist með töluverðum hraða aftur eftir. Gilsinn lenti í hægri öxl eins skipverjans með þeim afleiðingum að hann slasaðist.

Við rannsókn kom fram:

- að krókurinn á pokagilsinum var festur í annað leysið;
- að krókurinn var með læsingu en hafði verið illa festur á leysið sem varð til þess að hann losnaði frá;
- að skipt hafði verið um krók skömmu áður og settur við stór og óþjáll krókur. Fljótlega eftir slysið var settur nýr krókur sem var minni og meðfærilegri;
- að ekki voru notaðar talstöðvar til samskipta á þilfarinu en sá sem annaðist hífinguna öskraði á skipverjann þegar hann sá hvað var að gerast. Slasaði taldi að það hefði komið í veg fyrir að hann fengi krókinn í andlitið;
- að slasaði var með hjálm.

Nefndarálit:

Nefndin telur að orsök slyssins hafi verið að krókurinn hafi verið illa festur í leysið.